

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 680 30. desember 1981 um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. reglugerð nr. 19 10. febrúar 1982, reglugerð nr. 143 24. mars 1982, reglugerð nr. 219 23. apríl 1982 og reglugerð nr. 228 30. apríl 1982 um breyting á henni.

1. gr.

Tollskrárnúmerið 20.02.08 falli brott úr A-lið 2. gr. reglugerðarinnar. Jafnframt fellur niður sérstakt tímabundið vörugjald af kartöflum, soðnum, frystum eða tilreiddum sem falla undir tnr. 07.02.00 og 20.02.09 í A-lið 2. gr. reglugerðarinnar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með áorðnum breytingum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 10. ágúst 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

AUGLÝSING

um afnotagjöld Ríkisútvarpsins.

Afnotagjald Ríkisútvarpsins fyrir síðari gjalddaga ársins 1982 hefur verið ákveðið sem hér segir:

Afnotagjald Ríkisútvarpsins fyrir móttöku sjónvarps í lit	kr. 846
Afnotagjald Ríkisútvarpsins fyrir móttöku sjónvarps í svart/hvítu	kr. 672
Hljóðvarpsgjald (þ. e. ef greitt er af hljóðvarpi eingöngu)	kr. 216

Menntamálaráðuneytið 11. ágúst 1982.

F. h. r.

Birgir Thorlacius

Runólfur Þórarinnsson